


SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN

Aðalsöguhetjan í verkinu er Bjartur sem hefur nýlega eignast litla systur. Hann kemst reyndar fljótlega að því að hún er ekkert venjulegt barn heldur skrímli sem étur mömmu hans og pabba upp til agna. Hann ferðast gegnum skuggalega skóga, um dimmar drekaslóðir, alla leið út á heimsenda til að reyna að skila systur sinni og fá mömmu og pabba til baka en lærir í leiðinni að elska litlu systur sína.

Sagan af stráknum sem eignaðist litla „skrímli“-systur hefur tekið á sig ýmis form. Upphaflega var það sonur Helgu Arnalds sem sagði henni þessa sögu um það bil sem litla systir hans fæddist árið 2008. Helga sem rekur leikhúsið 10 fingur fékk Charlotte Böving og Eivöru Pálsdóttur í lið með sér og settu þær upp leiksýningu sem var frumsýnd 2012 og fékk Grímuverðlaunin sem besta barnasýningin.

Í framhaldinu fengu þær einnig Björk Bjarkadóttur í lið með sér og gáfu út myndskreytta bók og geisladisk með tónlistinni úr leiksýningunni. Nú heyrir sagan um Skrímslið litlu systur mína í fyrsta sinn í símfónískum búningi.

„Eru þau eitthvað veik?
Sjá þau ekki að þetta er skrímli“



SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN

18. FEBRÚAR 2017



BIRNIRNIR ÞRÍR

Birnirnir þrír eftir enska tónskáldið Eric Coates er spennandi og fjörugt hljómsveitarverk þar sem hljóðfærin segja söguna af Gullbrá og björnunum þremur.

Tónlistin er spennuþrungin þegar Gullbrá gengur í gegnum skóginn og það heyrir varnaðarsöngur í litla fuglinum þegar hún ber að dyrum hjá björnunum. Birnirnir eru ekki heima og Gullbrá gengur inn. Litli bangsi er túlkaður af óbóinu, bangsi í miðið er leikinn af klarínettinu og stóri bangsi af fagottinu.

Það verður uppi fótur og fit þegar birnirnir snúa aftur heim og uppgötva að Gullbrá liggur sofandi í rúminu hans bangsa litla. Hún hrekkur upp og hleypur út og birnirnir á eftir henni. Birnirnir eru dálítið þungir á sér og gefast upp á eltingaleiknum og snúa til baka í sólskinsskapi. Gullbrá hleypur beint heim og segir ömmu sinni alla söguna.

Í tilefni af tónleikunum hefur Helga Arnalds teiknað myndir við verkið sem við sjáum á tjaldinu.



„Hver situr í stólnum mínum?“

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 18. FEB. 2017 KL. 14:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Bernharður Wilkinson *hljómsveitarstjóri*
Trúðurinn Barbara *kynnir og sögumaður*
Eivør Pálsdóttir *söngur*
Graduale Futuri
Rósa Jóhannesdóttir *kórstjóri*

Skoðið myndasýningu
úr Skrímslinu á 2. hæð.

DAGSKRÁ

Eric Coates
Birnirnir þrír

Helga Arnalds *myndskreytingar*

Eivør Pálsdóttir og Helga Arnalds
Skrímslið litla systir mín

Tróndur Bogason *útsetningar*
Björk Bjarkadóttir *myndskreytingar*

Skrímslasmíðja í Hörpuhorni
fyrir og eftir tónleika.

Komið og gerið ykkar
eigið skrímsli.

Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

Lau 6. maí 14:00 og 16:00
Múmínálfar í söngvaferð

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur þessa geysivinsælu söngva í þýðingu Þórarins Eldjárns á litríkum tónleikunum þar sem fallett myndefni fylgir bæði tali og tónum. Hljómsveitarstjóri er Erkki Lasonpalo en einnig koma fram stórsöngvararnir Egill Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir.



© Moomin Characters™

[f](#) [i](#) [t](#) [v](#) [s](#)
@icelandsymphony / #sinfó

Þakkir til þeirra sem lögðu verkefninu lið:
Musica Nova, Barnamenningsjóður, Reykjavíkurborg,
Starfslaunasjóður listamanna, Norræna menningargáttin og Tónlistarsjóður.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA


MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ


Reykjavíkurborg